

Tillaga til 442. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 10. október 2019

Tillaga bæjarfulltrúa Í-listans um skapandi sumarstörf

Í-listinn leggur til við bæjarstjórn að íþrótt- og tómstundanefnd verði falið að skoða verkefni um skapandi sumarstörf fyrir ungt hæfileikafólk í sveitarfélaginu. Markmiðið með skapandi sumarstörfum er að gera ungu hæfileikaríku fólki kleyft að vinna að listum sínum og miðla til annarra.

Skapandi sumarstörf eru hugsuð fyrir einstaklinga og hópa sem hafi áhuga á að efla listsköpun sína og um leið glæða sveitarfélagið lífi með listrænum og skapandi uppákomum, og styðja við sterka menningarímynd sveitarfélagsins. Svona störf henta ungmennum með fjölbreyttan áhuga, til dæmis á sviðlistum, kvikmyndagerð, myndlist eða tónlist afar vel. Starfið verði mótað að áhugasviði þátttakenda, en verkefnið þurfi að uppfylla ákveðna skapandi þjónustu við samfélagið, til að mynda með pop-up viðburðum við mismunandi tækifæri.

Greinargerð:

Í sumar munu 25 aðilar vinna að skapandi verkefnum og glæða bæinn lífi. Töluverður fjöldi hópa og einstaklinga sótti um þau störf sem í boði eru. Um er að ræða fjölbreytt og ólík verkefni sem þó hafa það sameiginlegt að vera hugarfóstr ungra Kópavogsbúa sem langar til að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni.

Á hverju ári sækir fjölbreyttur hópur fólks um starf, td. leikarar, tónlistarfólk, hönnuðir, ljósmyndarar, dansarar o. fl. Þessir hópar og einstaklingar skipuleggja uppákomur í bænum yfir sumartímann og taka þátt í hátíðarhöldum á 17. júní.

Sumarstarfinu lýkur svo með uppskeruhátíð í lok júlí þar sem allir þátttakendur sýna afrakstur sumarsins á einn eða annan hátt

Þótti þetta virka svo tilvalið tækifæri þar sem Ísafjörður er sífellt að verða menningarlegri staður og við eigum svo mikið af flottu skapandi fólki á svæðinu. Síðan er einnig hægt að tengja þetta við ferðamennsku, umhverfisvernd, list eða bara hvað sem hentar okkar nærumhverfi og fólkinu sem vill taka þátt. Ég man hvað mér þótti gaman í Morranum á sínum tíma, það er mjög gefandi fyrir ungt fólk að fá að taka þátt í svona skapandi vinnu. Einnig finnst mér það senda sterk skilaboð að skipuleggja svona verkefni til að ýta undir listir, menningu og sköpunargáfu hér á svæðinu. Ég skil að svona verkefni kosta pening, tíma og viljastyrk.